



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



FUNDUR VÍSINDARÁÐS ALMANNAVARNA

Dags: 03.10.2016

Kl.: 09:00

Staðsetning: Björgunarmiðstöðin í Skógarhlíð.

Fundarefni: Katla

Fundinn sátu fulltrúar frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, lögreglustjóranum á Suðurlandi, Veðurstofu Íslands, Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, Embætti Sóttvarnarlæknis og Umhverfisstofnun.

Meginefni fundar

- Jarðskjálftavirkni í Kötlu

Fundargerð – punktar

- Vísindaráð almannavarna fundaði í dag vegna jarðskjálftahrinunnar í Mýrdalsjökli sem hófst á fimmtudag í síðustu viku. Þetta er stærsta einstaka hrina í Kötluöskjunni í áratugi. Mjög hefur dregið úr jarðskjálftavirkninni frá því hún varð mest á föstudaginn.
- Ástæður skjálftanna eru líklega kvikuhreyfingar í efstu kílómetrum jarðskorpunnar. Engin ummerki um þessar hreyfingar sjást á yfirborði jökulsins.
- Vatnamælingar sýna ekki breytingar sem hægt er að tengja við hrinuna.
- Á föstudag meðan hrinan var í fullum gangi taldi vísindaráð eftirfarandi atburðarrásir mögulegar:
 - Jarðskjálftahrinan hættir.
 - Mögulegt jökulhlaup án þess að eldgos nái í gegnum jökulinn.
 - Eldgos hefst í Mýrdalsjökli, gosmökkurinn nær í gegn með tilheyrandi jökulhlaupum.
- Hrinunni virðist nú vera að mestu lokið.
- Ef litið er til virkninar síðustu tvo mánuði er ljóst að hún er mun meiri en verið hefur undanfarin ár. Á þessari stundu er óljóst hvort að virkni verður áfram mikil eða hvort nú fer að draga úr henni.